

Fundargerð

289. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs (fjarfundur)

Miðvikudaginn 1. júlí 2020 kl. 9⁰⁰–10³⁰.

Mætt: Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Benedikt S. Benediktsson (BSB) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)
Hildur Hauksdóttir (HH) (fjar.v.)
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH)
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Eygerður Margrétardóttir (EM)

1. Fundargerð síðasta fundar

Samþykkt, án áritunar

2. Rekstraráætlun

ÓK rifjaði upp að á síðasta fundi var farið yfir rekstur vörflokka fyrstu 4-5 mánuði ársins 2020 og hann borinn saman við árið 2019. Einnig var farið yfir drög að rekstraráætlun ársins 2020. Áætlunin gerir ráð fyrir að hækka þurfi úrvinnslugjald á smurolíu, framköllunarefnum, varnarefnum, pappaumbúðum og hugsanlega plastumbúðum. Eins og fram kom á síðasta stjórnarfundi er meiri óvissa um rekstur ársins en oft áður.

Samþykkt var að stjórn tæki endanleg ákvörðun um tillögur að hækkun úrvinnslugjalda á næsta stjórnarfundi sem verður í ágúst.

ÓK falið að senda tilkynningu til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um að það standi til að hækka/lækka úrvinnslugjald fyrir þessa vörflokka.

3. Pappaumbúðir

ÓK fór yfir á fundinum að söluverð á endurvinnslumörkuðum fyrir pappa lækkaði verulega á síðari hluta árs 2019. Á fundinum voru sýndar glærur um þróun framlegðar annars vegar frá ársbyrjun 2019 og hins vegar frá ársbyrjun 2020. Stjórn ræddi hvort rétt væri að lækka endurgjald til þjónustuaðila, þar sem markaðir hafa tekið aðeins við sér en eru þó enn í ójafnvægi þar sem verð fer upp einn daginn en niður annan daginn. Óvissa er enn mikil. Ákveðið að bíða með að breyta endurgjaldi. Stjórn mun fylgjast náið með þróun á markaði og breyta endurgjaldi ef með þarf.

4. Stefnumótun

Á síðasta stjórnarfundi var fjallað um drög að bæklingi sem Guðrún setti saman um stefnumótun stjórnar.

ÓK lagði fram tillögu að einfaldari texta á fundinum í samræmi við óskir stjórnar á síðasta fundi. Stjórn samþykkir texta ÓK.

5. Úrvinnslusjóður

LHG sagði frá fundi hennar og ÓK með umhverfis- og auðlindaráðuneytinu í síðustu viku þar sem rætt var um fjármál sjóðsins. Þar kom fram að ráðuneytið hyggst óska álits Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) á því hvort lagabreytingartillagan sem nú er til umræðu samræmist tilskipunum ESB

um framleiðendaábyrgð. Einnig er lagt til að fulltrúar ráðuneytisins, Úrvinnslusjóðs og Fjársýslunnar vinni að sérstöku skriflegu verklagi um hvernig færa megi tekjur af úrvinnslugjaldi með ásættanlegum hætti. Ennfremur óskar ráðuneytið eftir að hefja samtal við stjórn sjóðsins um innleiðingu nýju ESB tilskipananna um hringrásarkerfið og þá sérstaklega þrepaskiptu gjöldin.

Lögð var fram á fundinum lagabreytingartillaga umhverfis- og auðlindaráðuneytisins sem er til skoðunar hjá fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Rætt um að mikilvægt sé að ítreka í greinargerð frumvarps að fjárveiting á fjárlögum (áætlaðar tekjur af úrvinnslugjaldi) verði í samræmi við tekjuáætlun Úrvinnslusjóðs en ekki tekjuáætlun fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Stjórn lagði áherslu á að verkferlið við meðhöndlun á úrvinnslugjaldi komi fram í greinargerð með væntanlegu frumvarpi.

Eftirfarandi var samþykkt á fundinum:

Stjórn Úrvinnslusjóðs sér ekkert því til fyrirstöðu að hefja samtal við ráðuneytið um innleiðingu nýju ESB tilskipananna (hringrásarkerfið) í kjölfar þess ESA hefur veitt álit á lagabreytingatillögu ráðuneytisins.

Stjórn frestar að láta vinna álitserð sem samþykkt var á síðasta stjórnarfundum um hvort tillaga umhverfis- og auðlindaráðuneytisins að breytingum á lögum um úrvinnslugjald samrýmist tilskipunum ESB um framleiðendaábyrgð.

6. Önnur mál

ÓK fór yfir að fjölmiðilinn Stundin hefur verið í samskiptum við hann vegna meðhöndlunar á flokkuðu plastumbúðum frá heimilum og sent hefur verið til Svíþjóðar til flokkunar, endurnýtingar og endurvinnslu.

Næsti fundur 12. ágúst 2020 kl. 9:00

Fundi slitið kl. 10.30